

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

Ísafirði 5. apríl 2024

Svæðisskipulag Vestfjarða, tillaga að skipulags- og matslýsingu.

Í kjölfar samþykktar 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustið 2022 um að hefja eigi vinnu að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði, hefur Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða, sbr. 23. gr. Skipulagslaga, tekið saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð er grein fyrir áherslum við gerð skipulagsins, forsendum þess og hvernig samráði og kynningu verði háttað.


Á fundi Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða þann 4. apríl 2024 var lögð fram tillaga dags. 27. mars 2024 að skipulags- og matslýsingu fyrir gerð Svæðisskipulag Vestfjarða. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi lýsingu með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum og að lýsingin verði send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Þá verði lýsingin kynnt sérstaklega fyrir kjörnum fulltrúum á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að vori þann 10. apríl 2024.

Skipulags- og matslýsing er hér með lögð fyrir bæjarstjórn Vesturbyggðar með beiðni um afgreiðslu tillögunnar á næsta fundi bæjarstjórnar.

Svæðisskipulagsnefnd vill hvetja sveitarstjórnir til þess að samþykkja lýsinguna þannig að kynningar og samráð geti hafist samhliða gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 síðla í maí. Svæðisskipulagsnefnd hvetur sveitarstjórnir jafnframt til að geyma umfjöllun um efnislegar athugasemdir við lýsinguna þar til kynningartímabilið hefst.

Vakin er athygli á lýsingu á ferli svæðisskipulags í viðauka 1, að frumdrög svæðisskipulagsins koma til kynningar í sveitarstjórnnum á komandi hausti. Þau frumdrög munu byggja á efnislegum athugasemdum sem komið hafa fram í samráðsferli við skipulags- og matslýsingu sem hér er til umfjöllunar.

F.h. Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

